



## Fjárfestingar í sprotum sjávarklasans aukast

Samkvæmt athugun Íslenska sjávarklasans hafa fjárfestar lagt til hlutafé í sprotafyrirtæki sem hafa aðsetur í Húsi sjávarklasans á árunum 2012 til dagsins í dag um 5 milljarða króna. Þá hafa fyrirtækin hlotið styrki sem nema um 600 milljónum króna á þessu tímabili.

Á undanförunum árum hefur orðið gríðarleg vakning í frumkvöðlastarfsemi sem tengist sjávarútvegi hérlendis. Með tilkomu Íslenska sjávarklasans opnuðust ýmis tækifæri fyrir sprotafyrirtæki á þessu sviði en löngu fyrir daga Sjávarklasans voru frumkvöðlar og stofnanir búnar að leggja mikið af mörkum og undirbúa jarðveginn. Ýmsir frumkvöðlar höfðu komið fram á þessu sviði fyrir áratugum sem hafa í mörgum tilfellum sýnt og sannað hvað er hægt að gera í meðal annars áframvinnslu sjávarprótíns.

Það sem voru einstök dæmi um frumkvöðla á þessu sviði á níunda áratug síðustu aldar er orðið að eins konar hreyfingu margra sprotafyrirtækja þrjátíu árum síðar. Það er ekki síst vegna frumkvöðla í lýsi, ensímum, fiskþurrkun og prótínvinnslu svo eitthvað sé nefnt sem nýjar kynslóðir frumkvöðla eiga auðveldar með að fá stuðning í frekari þróun fyrirtækja á þessum sviðum. Í þessum efnum hafa einnig stofnanir á borð við Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins og síðar Matís, Rannís, AVS og háskólar haft mjög mikið að segja.

Segja má að ekki hefði verið hægt að stofna Íslenska sjávarklasann á heppilegri tíma en árið 2011. Áhugaverð sprotaverkefni í fullvinnslu höfðu þegar vakið áhuga erlendis, útgerðir stóðu traustari fótum og rannsóknarsjóðir höfðu verið efldir. Í þessu umhverfi var þörf á eins konar útungunarfél eins og Húsi sjávarklasans og Sjávarklasnum sem mundi

koma fleiri sprotafyrirtækjum á lappir og efla tengsl milli frumkvöðla, fjárfesta og iðnaðarins.

Eitt stærsta verkefni klasans hefur verið að hlúa að nýjum sprotafyrirtækjum sem tengjast sjávarútvegi og annarri hafsækinni starfsemi. Sprotafyrirtæki sem hafa orðið til á vettvangi Sjávarklasans eru mörg hver búin að slíta barnsskónum eins og Collagen ehf, Ankra ehf., Ocean Excellence ehf., og Codland ehf.

## codland

Ein mikilvægasta áskorun Íslenska sjávarklasans hefur verið að leiða fjárfesta inn í hóp sprotafyrirtækja í klasanum. Margt gerði það að verkum að á upphafsárum klasans reyndist það erfitt. Efnahagslegar aðstæður voru erfiðar í landinu og næg verkefni fyrir fjárfesta og sjóði að koma að fjárfestingum og endurskipulagningu ýmissa stórfyrirtækja í íslensku atvinnulífi. Þá voru rannsóknarsjóðir með lítið svigrúm.

Með eflingu rannsóknarsjóðanna árið 2013-2014 var lagður grunnur að ýmsum sprotafyrirtækjum og segja má að þannig hafi mörg sprotafyrirtæki náð að koma undir sig fótunum og verða þannig álitlegri kostur fyrir fjárfesta.

Samkvæmt athugun Íslenska sjávarklasans hafa fjárfestar lagt til lítilla fyrirtækja sem hafa aðsetur í Húsi sjávarklasans á árunum 2012 til dagsins í dag um 5 milljarða króna. Þá hafa fyrirtækin hlotið styrki sem nema um 600 milljónum króna á þessu tímabili.

Fyrirtækin eru að vinna að fjármögnun ýmissa verkefna, m.a. verksmiðja til úrvinnslu hliðarafurða sem nema um 7 milljörðum króna. Íslensku viðskiptabankarnir hafa komið að lánsfjármögnun ýmissa verkefna þessara fyrirtækja.

Þeir fjárfestar, sem hafa komið að verkefnum eru í lang flestum tilfellum einkafjárfestar eða um 80%. Þrátt fyrir góðan vilja margra stofnanafjárfesta hafa sprotafyrirtækin ekki notið liðsstyrks þeirrað neinu ráði.

Ekkert eitt einkennir þá fjárfesta sem hafa komið að sprotafyrirtækjum klasans. Hluti fjárfesta hefur mikla reynslu úr íslensku atvinnulífi, bæði sjávarútvegi og öðrum greinum. Þessir fjárfestar hafa í mörgum tilfellum reynst sprotafyrirtækjunum afar þýðingarmiklir, bæði vegna þeirra fjármuna sem þeir hafa komið með í fyrirtækin en ekki síður þeirra tengsla sem þessir aðilar hafa bæði hér og erlendis. Hluti fjárfestanna hefur haft aðsetur í Húsi sjávarklasans og þar hafa myndast góð tengsl á milli fjárfestanna og sprotafyrirtækjanna í klasanum.

Erlendir fjárfestar lögðu til um 20% fjárfestinga í sprotafyrirtækjum á árunum 2016 og fram á þennan dag. Þessir fjárfestar hafa umtalsverð tengsl erlendis og hafa áhuga á því að koma vörum fyrirtækjanna á markað erlendis. Ekki er komin mikil reynsla á samskipti við þessa fjárfesta en áhugavert verður að gera samanburð á þeim og innlendum fjárfestum í sprotafyrirtækjum á næstu árum.

Ísland er Sílikondalur sjávarútvegs í heiminum. Efling margháttáðrar starfsemi sem tengist sjávarútvegi. Með þessari víðu skírskotun og öflugu klasasamstarfi má stuðla enn frekar að samstarfi þvert yfir hefðbundin mæri atvinnugreina og skapa verðmæti til framtíðar.

Nánari upplýsingar veita Þór Sigfússon eða Berta Danielsdóttir í síma 577-6200.